

Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss

Umhverfismat framkvæmdar

Viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum við matsáætlun

Rati ehf. í samvinnu við Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts hyggst útbúa fiskveg í jarðgöngum við hlið Barnafoss til að gera Hvíta fiskgenga ofan við fossinn. Með þessu opnast möguleiki á að nýta búsvæði Norðlingafljóts, sem rennur í Hvíta nokkru ofar, fyrir laxfiska og byggja þar upp sjálfbæran laxastofn. Þar með stækka náttúruleg búsvæði fyrir lax og efnahagsleg staða svæðisins styrkist. Jafnframt stuðlar framkvæmdin að vernd villtra laxastofna.

Matsáætlun vegna framangreindrar framkvæmdar var birt í Skipulagsgátt 3. júní 2025 og jafnframt leitaði Skipulagsstofnun umsagnar umsagnaraðila eftir því sem við átti. Frestur almennings og umsagnaraðila til að skila umsögnum til stofnunarinnar rann út 2. júlí 2025, en tveir aðilar óskuðu eftir lengri fresti. Umsagnir þeirra lágu fyrir 9. júlí.

Í þessu skjali er gerð grein fyrir viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim efnisatriðum úr framkomnum umsögnum sem lúta að mati og vinnslu umhverfismatsskýrslu, einkum m.t.t. þess hvort framkvæmdaraðili hyggist fara eftir tilteknum ábendingum sem umsagnirnar fela í sér. Einnig er leitast við að rökstyðja hvers vegna framkvæmdaraðili hyggist ekki fara eftir ábendingum, sé um slíkt að ræða. Fyrst eru teknar fyrir umsagnir þeirra umsagnaraðila sem Skipulagsstofnun leitaði umsagna hjá og síðan umsagnir félagasamtaka og almennings, með þeim takmörkunum sem raktar eru hér að neðan.

Samkvæmt 12. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021, skal í umsögn umsagnaraðila koma fram „hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð“. Af framanskráðu má ráða að umsagnir sem snúa að öðrum þáttum falli utan við umfjöllunarefnið á þessu stigi, svo sem umsagnir þar sem verið er að láta í ljós almenna andstöðu við viðkomandi framkvæmd. Í þessu skjali er því ekki brugðist sérstaklega við umsögnum af því tagi.

Umsagnir bárust frá eftirfarandi umsagnaraðilum (dagsetningar miðast við birtingu í Skipulagsgátt):

- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, 20. júní 2025
- Hafrannsóknastofnun, 1. júlí 2025
- Náttúruverndarstofnun, 2. júlí 2025
- Borgarbyggð, 3. júlí 2025
- Vegagerðin, 7. júlí 2025
- Náttúrufræðistofnun, 9. júlí 2025

Athugasemd		Viðbrögð
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands		
Heilbrigðiseftirlitið telur þörf á að skýra eftirtalin atriði betur en gert er í matsáætlun:		
1.	Efnisvinnsla á 660 m vegslóða og flutningur/geymsla/endurvinnsla á u.þ.b. 4.500 m ³ bergs úr göngum	Sjá neðar
2.	Aukin áhætta vegna vinna á kvöld- og næturtíma á vetrum, einkum hvað varðar viðbrögð við eldsneytisleka, ísmyndun, slys við efna- og eldsneytisafyllingar, umferðarslys vegna færðar og uppsöfnun á ryki við kyrr veðurskilyrði	Sjá neðar
3.	Tímasett viðbragðsáætlun við olú- og efnaleka, meðhöndlun borsvarfs og ryks	Sjá neðar
4.	Tölulegt mat á magni, flokkun og endanlegri förgun jarðefna og borsvarfs	Sjá neðar
5.	Grunnrannsóknir og vöktun á ástandi vatnshlots	Sjá neðar
6.	Fjöldi þunga flutningabíla og áhrif þeirra á vegakerfi, rof, svífryk og hávaða, ásamt mótvægisaðgerðum hvað þetta varðar	Sjá neðar
7.	Hávaði og titringur vegna sprenginga, skilgreind mörk og kynning til ferðamanna og gesta sbr. 9. gr. reglugerðar um hávaða, nr. 724/2008	Sjá neðar
8.	Mótvægisaðgerðir vegna loftgæða	Sjá neðar
9.	Starfsleyfi vegna jarðborunar, vinnslu jarðefna og tímabundinnar vinnuaðstöðu, verkstæða og vinnubúða	Sjá neðar
10.	Sveiflur í rennsli Hvítár	Sjá neðar
11.	Hljóðvist	Sjá neðar
12.	Áhrif umferðar á jarðveg og loftgæði	Sjá neðar
13.	Vatnsmengunaráhætta af setflutningi	Sjá neðar
14.	Áhættumat vegna nýrrar laxgöngu til að lýsa áhrifum á það lífríki sem fyrir er, með hliðsjón af varúðarreglunni	Sjá neðar
15.	Möguleg PAH-, TPH- og þungmálmamengun í borsvarfi skv. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg	Sjá neðar
Framkvæmdaraðili telur ábendingar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands nýtast einkar vel við gerð umhverfismatsskýrslu og mun taka mið af þeim öllum í samráði við sérfræðinga á viðkomandi sviðum.		

Hafrannsóknastofnun		
1.	Skýra má betur hvernig vatnsrennsli verði stjórnað um jarðgöngin m.t.t. þess að op þeirra verða að mestu undir vatnsyfirborði Hvítár.	Framkvæmdaraðili mun leitast við að taka mið af þessari ábendingu við gerð umhverfismatsskýrslu.
2.	Kanna þyrfti nánar tengsl fiskistofna á svæðinu, bæði í Norðlingafljóti, Kaldá, Stuttá, Trússá og víðar. Huga þyrfti vandlega að líffræðilegri fjölbreytni í verkefninu og forðast að draga úr henni. Meðal annars sé ástæða til að rýna sérstaklega í tölur um veiðar á staðbundnum urriða í fljótinu, en þær kunna e.t.v. að hafa verið vanmetnar.	Við gerð umhverfismatsskýrslu mun framkvæmdaraðili taka líffræðilega fjölbreytni í Norðlingafljóti til sérstakrar skoðunar í samvinnu við sérfræðinga á því sviði, þ.m.t. sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar.
3.	Verkefnið sem um ræðir er ekki aðeins bundið við gerð fiskvegjar heldur einnig uppbyggingu fiskistofna (lax og sjóbleika) í framhaldi af verklegum framkvæmdum. Því er mikilvægt að fyrir liggi áætlun um hvernig árangur verði metin (vöktunaráætlun) og til hvaða aðgerða verði gripið ef ekki næst viðunandi árangur.	Gerð verður grein fyrir þessum atriðum í umhverfismatsskýrslu.
Náttúruverndarstofnun		
1.	Umrædd framkvæmd verður að teljast leyfisskyld samkvæmt friðlýsingarskilmálum, þar sem fyrirhuguð jarðgöng eru að hluta innan marka friðlýsta svæðisins við Barnafoss og Hraunfossa. Náttúruverndarstofnun bendir á að slíkt leyfi verði aðeins veitt að því marki sem framkvæmdin samrýmist markmiðum friðlýsingarinnar og að fullnægjandi gögn hafi verið lögð fram í samræmi við ákvæði laganna.	Framkvæmdaraðili er meðvitaður um þetta, sbr. kafla 8.5.1 í matsáætlun.
2.	Meta þarf áhrif á verndarsvæði með hliðsjón af 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja afstöðu og gera grein fyrir valkostum og mótvægisáðgerðum. Slíkt mat liggur ekki fyrir.	Tekið verður sérstakt tillit til þessarar ábendingar í umhverfismatsskýrslu. Sama gildir um ábendingu Náttúruverndarstofnunar varðandi beitingu varúðarreglu, með sérstakri tilvísun í óvissu varðandi sjónræn áhrif og áhrif á jarðmyndanir.
3.	Fjalla þarf nánar um möguleg áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á bakkagróður en gert er ráð fyrir í matsáætlun, þ.m.t. hvort bakkagróður geti raskast við aðkomuvegi, úttaksop fiskvegjar eða lagnir. Ekki hefur verið gerð grein fyrir tegundasamsetningu gróðurs við árbakka, né hvernig áhrif hans á búsvæði fugla eða smádýra verði metin. Meta þarf áhrif framkvæmdarinnar á bakkagróður bæði á framkvæmdar- og rekstartíma, auk þess sem gera þarf grein fyrir mótvægisáðgerðum og endurheimt gróðurs ef til rasks kemur, í samræmi við 62. gr. náttúruverndarlaga.	Tekið verður mið af þessari ábendingu við gerð umhverfismatsskýrslu.
4.	Stofnunin telur að gera þurfi sjálfstæða jarðfræðikortlagningu á framkvæmdasvæðinu, með sérstakri áherslu á sérkenni jarðmyndana, stæðni og samfelldni hraunlaga, áhrif sprungukerfa og nálægð við náttúruverndarsvæði. Umfjöllun um þessa þætti í matsáætlun sé byggð á minnisblaði Eflu verkfræðistofu, sem byggir á eldri jarðfræðigögnum og yfirborðsmyndum en ekki á nýjum vettvangsrannsóknnum. Þá telur stofnunin brýnt að gerð verði ítarleg greining á áhættu við opnun ganganna út í farveg árinna (svokölluð „lake	Tekið verður mið af þessari ábendingu við gerð umhverfismatsskýrslu, en auk eldri jarðfræðigagna liggja fyrir niðurstöður kjarnaborana sem framkvæmdar voru sumarið 2023.

	tapping“ sprenging), og að slíkt verði metið með hliðsjón af náttúruvernd og ásýnd.	
5.	Stofnunin telur brýnt að matsáætlun verði uppfærð þannig að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki Hvítár og nærliggjandi svæði verði sérstaklega tekin til skoðunar. Þetta eigi bæði við um vatnalíf, gróður við árbakka og möguleg áhrif rasks á búsvæði fugla og smádýra. Einnig þurfi að greina möguleg óbein áhrif breytts vatnsrennslis á lífríki og vistgerðir.	Matsáætlun verður ekki uppfærð sem slík, enda ekki ráð fyrir því gert í gildandi lögum og reglugerð um umhverfismat. Þess verður hins vegar gætt að fjalla ítarlega um þessa þætti í umhverfismats-skýrslu, m.a. hvað varðar áhrif á gróður við bakka Hvítár fyrir ofan Barnafoss, botndýralíf, næringarkeðjur og líffræðilega fjölbreytni á svæðinu.
6.	Fyrir þarf að liggja rökstutt og myndrænt mat á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar frá helstu áningarstöðum, stígum og sýnilegum sjónásum við Hraunfossa og Barnafoss. Ekki er nægilegt að byggja mat á huglægu mati um athygli gesta. Þá þarf að gera grein fyrir áhrifum á aðgengi og kyrrð á framkvæmdatíma, auk varanlegra áhrifa.	Framkvæmdaraðili mun taka mið af þessu við gerð umhverfismats-skýrslu og m.a. birta tölvugerðar myndir af ásýnd frá helstu áningarstöðum og stígum á svæðinu.
7.	Stofnunin telur að skýra þurfi betur hvernig aðkomu, viðhaldi og rekstri fiskvegarins verði háttað til lengri tíma litið, og hvaða áhrif slík starfsemi hafi á friðlýsta svæðið og verndargildi þess. Sérstaklega þurfi að skýra hvaðan og hvernig aðgengi að fiskveginum verði háttað við viðhald, hreinsun og eftirlit, hvort og þá hvernig farið verði yfir gróið eða órofið yfirborð í tengslum við þetta, svo og hvaða áhrif viðhald og aðkoma hafi á ásýnd svæðisins, upplifun gesta og náttúrulegt ástand. Einnig þurfi að liggja fyrir hvort akstur utan vega og slóða verði nauðsynlegur við rekstur mannvirkisins. Þá sé ljóst að með tilvist raufastiga og lokubúnaðar skapist varanleg viðhaldspörf sem fylgi mannvirkinu um ófyrirséðan tíma. Nauðsynlegt sé að sýnt sé fram á að rekstur og viðhald feli ekki í sér aukið rask eða röskun á náttúrulegum ferlum við Hvítá. Stofnunin leggur ríka áherslu á að í umhverfismati verði rekstraráætlun, aðkoma, viðhald, hreinsun og eftirlit útfærð með tilliti til verndar- og aðgengisskilmála friðlýsta svæðisins og að tryggt verði að verndargildi náttúruvættisins skerðist ekki.	Tekið verður fullt tillit til þessara ábendinga við gerð umhverfismatsskýrslu.
8.	Stofnunin telur að gera þurfi betri grein fyrir umhverfisáhrifum þeirra tveggja mismunandi framkvæmdaleiða sem til skoðunar séu. Lýsing verklags í matsáætlun sé einhliða frá tæknilegu sjónarhorni og að mat á áhrifum þeirra á friðlýst svæði, jarðmyndanir, gróður og ásýnd vanti að mestu.	Í þessu sambandi bendir framkvæmdaraðili á að slíkt mat á fremur heima í umhverfismats-skýrslu en í matsáætlun. Við þetta mat verður tekið mið af ábendingum Náttúruverndarstofnunar.

9.	Meta þarf umhverfisáhrif þess ef rekstri fiskvegarins verður hætt eða mannvirkið reynist ónothæft til framtíðar. Ekki er fjallað um þetta atriði í matsáætlun. Í slíku mati þarf að gera grein fyrir því hvernig mannvirkið verður frágengið með tilliti til náttúrulegs landslags og verndargildis svæðisins, m.a. m.t.t. þess hvort og hvernig verði gengið frá inntaks- og úttaksopum, hver verði áhrif þess á ásýnd og gróður ef mannvirki verði yfirgefin eða fjarlægð, og hvort frágangur kalli á nýtt jarðrask eða notkun „þungbúins búnaðar“.	Fjallað verður um þessa þætti í umhverfismatsskýrslu.
Í lok umsagnar Náttúruverndarstofnunar er að finna samantekinn lista yfir þau atriði sem stofnunin telur brýnast að tekin verði sérstaklega til skoðunar í umhverfismatsskýrslu verkefnisins. Þessi listi mun nýtast framkvæmdaraðila afar vel í umhverfismatsvinnunni.		
Borgarbyggð		
1.	Byggðarráð Borgarbyggðar telur að vel sé gerð grein fyrir því hvernig staðið verði að mati á þeim þáttum umhverfismatsins sem viðkemur sveitarfélaginu og gerir ekki athugasemd við matsáætlunina.	Umsögnin kallar ekki á viðbrögð.
2.	Þau leyfi sem framkvæmdaraðili þarf að afla sér og eru á hendi sveitarfélagsins er framkvæmdaleyfi og stöðuleyfi.	Tekið verður mið af þessu.
Vegagerðin		
1.	Stofnunin óskar eftir að gerð verði grein fyrir þungaflutningum er varðar fyrirhugaða framkvæmd. Gerð verði grein fyrir tímaramma flutninga, á hvaða tíma árs þeir eru fyrirhugaðir, hve lengi þeir standa yfir, þyngd farms og hve margar ferðir verða farnar. Vegagerðin bendir á að við vissar veðuraðstæður eru sérstakar þungatakmörkanir á vegum.	Framkvæmdaraðili mun taka mið af þessum ábendingum við gerð umhverfismatsskýrslu.
Náttúrufræðistofnun		
Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að hún geri vel grein fyrir þeim þáttum sem fjalla þarf um í mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin gerir þó eftirfarandi athugasemdir:		
1.	Í matsáætlun er gert ráð fyrir að í jarðgöngunum verði stýring á lokunarbúnaði, fiskiteljari, lýsing og hreinsun með háþrýstidælum. Þetta kallar á rafmagn en á bls. 12 segir að leggja þurfi heimtaug að göngunum. Stofnunin telur mikilvægt að gerð sé skýrari grein fyrir legu rafstrengsins að framkvæmdasvæðinu og mögulegum umhverfisáhrifum tengdum því.	Gerð verður grein fyrir þessum atriðum í umhverfismatsskýrslu.
2.	Gera þarf vel grein fyrir lífríki Norðlingafljóts og meta möguleg umhverfisáhrif á vistkerfi vegna tilkomu laxfiska sem ekki hafa verið þar áður. Í matsáætlun er stuðst við eldri rannsóknir á laxaseiðum (2000), smádýralífi (1978 og 1989) og veiðitölum (2009). Stofnunin telur rétt að uppfæra rannsóknir á stöðu lífríkis Norðlingafljóts og nýta þær til að meta umhverfisáhrif á það.	Framkvæmdaraðili mun taka þetta atriði til sérstakrar skoðunar í samvinnu við sérfræðinga á því sviði, þ.m.t. sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar.
3.	Þar sem um er að ræða framkvæmdir innan friðlýst svæðis er þörf á viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra óhappa og áætlun um frágang svæðisins að framkvæmdum loknum.	Tekið verður mið af þessu við gerð umhverfismatsskýrslu.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum félagasamtökum og einstaklingum:

- Agnes Guðmundsdóttir, Guðjón Kjartansson og Jónas Guðjónsson
- Árni Brynjar Bragason og Þuríður Ketilsdóttir
- Ásta Þorsteinsdóttir
- Bjartmar Hlynur Hannesson og Kolbrún Sveinsdóttir
- Bryndís Ósk Haraldsdóttir
- Hermann Sveinbjörnsson
- Krístrún Snorradóttir
- Landvernd
- Meirihluti stjórnar Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts
- Róbert Óskar Cabrera
- Sigurður Kristjánsson
- Snorri H. Jóhannesson
- Umhverfis-og náttúruverndarsamtökin Sól til framtíðar
- Þórir Jónsson

Flestir framangreindra aðila lýsa andstöðu við framkvæmdina sem slíka, án þess að tiltaka efnisleg atriði sem sé áfátt í matsáætlun og fjalla þurfi nánar um í umhverfismatsskýrslu. Framkvæmdaraðili sér sem fyrr segir ekki ástæðu til að bregðast sérstaklega við þessum umsögnum, sbr. ákvæði 12. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021. Í einhverjum þessara umsagna kemur fram það álit að framkvæmdin sé líkleg til að valda sundrung meðal íbúa á svæðinu. Í umfjöllun um samfélagsleg áhrif í umhverfismatsskýrslu verður m.a. fjallað um áhrif á samstöðu heimamanna.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim efnisatriðum úr framkomnum umsögnum félagasamtaka og einstaklinga sem lúta að mati og vinnslu umhverfismatsskýrslu.

Athugasemd		Viðbrögð
Krístrún Snorradóttir (og Snorri H. Jóhannesson)		
1.	Í umsögnunum kemur fram að umræddar framkvæmdir séu fyrirhugaðar í landi Hraunsáss 4 (sem sé ekki aðili að Veiðifélagi Hvítár og Norðlingafljóts) og að landeigendur á Hraunsási 4 hafi ekki gefið leyfi fyrir framkvæmdunum. Í matsáætlun komi fram að leyfi fyrir framkvæmdum á landi Hraunsás hafi verið gefið árið 2018.	Framkvæmdaraðili bendir á að þær upplýsingar um leyfi landeigenda sem fram koma í matsáætlun eru byggðar á þinglýstu samkomulagi.
Landvernd		
1.	Í umsögninni er lögð áhersla á að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á líffræðilega fjölbreytni verði skoðuð vandlega, þ.m.t. áhrif á stærð hnignandi sjóbleikjustofns í ánni. Í umsögninni er leitt líkum að því að með fjölgun laxa í ánni kunni sjóbleikjunni að verða eytt endanlega.	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um líkleg áhrif framkvæmdarinnar á sjóbleikjustofninn, en fræðilega séð geta þau hvort heldur verið jákvæð eða neikvæð, þar sem framkvæmdin er m.a. til

		þess fallin að stækka útbreiðslu-svæði bleikjunnar.
2.	Kallað er eftir því að fjallað verði um um áhrif áformaðs fiskigangs til lengri tíma, „þ.m.t. á hvern hátt viðhaldi og rekstri verði háttað og hvaða afleiðingar slíkt inngrip kann að hafa á umhverfið“.	Fjallað verður um viðhald og rekstur til lengri tíma í umhverfismatsskýrslu.
3.	Í umsögninni kemur fram það álit að hreinsun gangnanna og svæðisins framan við inntaksopið kunni að verða erfið vegna leirflóða.	Eins og fram kemur í matsáætlun verður fjallað sérstaklega um náttúruvá í umhverfismati, þ.m.t. hvernig staðið verði að útskolun ef aur berst inn í göngin í jökulhlaupum.
4.	Í umsögninni kemur fram að lýsa þurfi nánar áhrifum sprenginga við gerð fiskvegarins, með hliðsjón af jarðfræðilegum þáttum, þannig að sýnt verði fram á að ekki hljóti af óafturkræfur skaði, svo sem við lokasprengingu sem gæti leitt af sér umtalsverðar skemmdir á berginu í kringum opið.	Gerð verður grein fyrir þessu atriði í umhverfismatsskýrslu.
5.	Í umsögninni kemur fram að samtökin telji að í matsáætlun séu settar fram getgátur um viðhorf nærsamfélagsins til framkvæmdarinnar og að vísbendingar séu uppi um að þessi viðhorf séu neikvæðari en þar er gefið til kynna.	Fjallað verður sérstaklega um samfélagsleg áhrif í umhverfismatsskýrslu, m.a. um áhrif á samstöðu heimamanna, sbr. kafla 9.2.7 í matsáætlun.
Meirihluti stjórnar veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts		
1.	Í umsögninni kemur fram að „samráð og samvinna milli stjórnar veiðifélagsins og framkvæmdaaðila hefur verið nánast engin“.	Framkvæmdaraðili hefur frá upphafi verið í nánu samráði við formann stjórnar veiðifélagsins / veiðifélagið. Í því sambandi má nefna að á aðalfundi veiðifélagsins 1. júní 2021 var yfirlýsing um leyfi og leigusamning samþykkt með miklum meirihluta, þ.e. 71,8%. Þá var framlenging á fyrrnefndri yfirlýsingu og leigusamningi samþykkt sem viðauki og undirrituð af meirihluta stjórnar þann 24. janúar 2024 á stjórnarfundum veiðifélagsins. Umsögn meirihluta stjórnar virðist þannig stangast á við gildandi samþykktir. Nánar verður fjallað um þetta atriði í umhverfismatsskýrslu með vísun í fyrirbyggjandi gögn.
2.	Í umsögninni kemur fram að mikill ágreiningur sé meðal félagsmanna veiðifélagsins um framkvæmdina sem geti haft veruleg áhrif á samfélagið.	Framkvæmdaraðili bendir á að aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts. Eins og fram kemur í kafla 9.2.7 í matsáætlun verður fjallað sérstaklega um samfélagsleg áhrif í umhverfismatsskýrslu, m.a. um áhrif á samstöðu heimamanna.
3.	Í umsögninni kemur fram að í matsáætlunin sé „ekki gert ráð fyrir rannsóknnum á áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki Hvítár að neinu marki. Hér er sérstakleg átt við áhrif“	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um líkleg áhrif framkvæmdarinnar á sjóbleikjustofninn, en

	mikillar laxagöngu á sérstakan stofn bleikju sem er í ánni og er í útrýmingarhættu. Það er alger forsenda að þetta atriði verði rannsakað ítarlega og yfir langan tíma þannig að það verði algerlega ljóst hver áhrifin verði og hvaða mótvægisráðstafanir þarf að gera eða hvort staða stofnsins sé þannig að ekki verði hægt að leiða lax upp eftir ánni án þess að bleikjunn verði útrýmt“. Ekki sé vitað til að „neinar marktækar rannsóknir á framgangi sjóbleikjunnar hafi farið fram frá þessum tíma [2011] þrátt fyrir alvarlega stöðu stofnsins“. Vísindamenn greini á um hvort tilkoma nýs framandi laxastofns á uppvaxtarsvæði sjóbleikju valdi tjóni á sjóbleikjustofninum. Ljóst sé að ekki sé hægt að fullyrða, byggt á vísindalegu áhættumati, að laxinn hafi ekki áhrif á viðkomu og vöxt sjóbleikjunnar.	fljótt á litið má ætla að þau séu fremur jákvæð en neikvæð, þar sem framkvæmdin er m.a. til þess fallin að stækka útbreiðslusvæði bleikjunnar.
4.	Í umsögninni kemur fram að í matsáætlun sé lítill fjallað um möguleika laxins að ganga upp göngin. Einn mikilvægasti þáttur þess að lax gangi upp ár sé að hitastig þeirra sé innan ákveðinna marka. Í matsáætluninni er lauslega minnst á þetta atriði en ljóst sé að rannsaka þurfi þennan þátt málsins miklu frekar. Lauslegar „stuttíma-mælingar sem gerðar eru á óvísindalegan hátt“ séu ekki fullnægjandi og gefi ekki nægjanlegar upplýsingar um hegðun og líðan laxins við þær aðstæður sem myndast í göngunum.	Tekið verður mið af þessari ábendingu við gerð umhverfismatsskýrslu.
5.	Í umsögninni kemur fram að í matsáætlun sé gerð tillaga að nýrri valkosti við gerð gangnanna á þann veg að unnið verði inn um frárennslisopið og að gerður verði vegslóði á bökkum árinna frá malargryfjum í landi Stóra-Áss. Lýsingin á þessari framkvæmd sé takmörkuð og lýsingu vanti á því hvernig viðhaldi verði háttað á göngunum.	Fjallað verður nánar um þessi atriði í umhverfismatsskýrslu.
6.	Í umsögninni kemur fram að gera þurfi ítarlegt áhættumat á áhrifum sprenginga í berginu á þann hátt sem fyrirhugað sé. Veruleg áhætta sé t.d. bundin lokasprengingum „þar sem klettastálið getur hrúnið vegna ástands þess“.	Gerð verður grein fyrir þessum atriðum í umhverfismatsskýrslu.
7.	Í umsögninni kemur fram það álit að tímaáætlun framkvæmdarinnar sé óraunhæf miðað við það hversu flókin og margþætt framkvæmdin sé.	Í umhverfismatsskýrslu verður tímaáætlun uppfærð í samstarfi við verkfræðinga og hönnuði sem koma munu að verkinu.
Snorri H. Jóhannesson (og Róbert Óskar Cabrera)		
1.	Í umsögnunum er dregið í efa að lax komist ekki upp Bjarnarfoss, þrátt fyrir að fyrir liggi umsögn Hafrannsóknastofnunar þess efnis. Í umsögn Snorra er því haldið fram að á þeim tíma þegar lax var fluttur í Norðlingafljót hafi lax veiðst ofan við fossinn, nánar tiltekið við vaðið að Úlfsvatni.	Þessi atriði verða sannreynd við gerð umhverfismatsskýrslu.

Tekið saman fyrir Rata ehf. 11. júlí 2025.

Stefán Gíslason

Environice